

í veg fyrir slysið, því að ákærði ekur hægt og stúlkan hleypur út á götuna það langt fyrir framan bíl ákærða, að nægur tími var til að stöðva bifreiðina, sem bæði er ljóst af vætti Guðmundar Höskuldssonar, er gizkar á 6—8 m bíl, og framburði ákærða sjálfs um aðdragandann að slysinu og aðstæður allar.

Meðorsök slyssins er því sú, að ákærði stöðvaði ekki bifreiðina, sem hann telst þó hafa haft möguleika á að gera. Ákærði hefur því samkvæmt framanskráðu gerzt brotlegur gegn 1. mgr. 27. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941, 3. mgr. i. f. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 frá 1941 og 219. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940 kr. 800.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, hrl. Björns Kalmans, er þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00. Málið hefur verið rekið vítalaut.

Dómsorð:

Ákærði, Svavar Kristinn Kristjánsson, greiði kr. 800.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Björns Kalmans hrl., kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. desember 1950.

Nr. 86/1949. **Hrefna Loftsdóttir** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Bjarna Guðmundssyni (Enginn).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Innsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 16. maí 1949 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerð þá, sem í málinu greinir, og stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hendi stefnda hefur ekki verið sótt dómþing, þótt honum hafi verið löglega stefnt, og er málið því skriflega flutt samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og dæmt samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Eftir uppsögu úrskurðar Hæstaréttar 24. apríl þ. á., hefur áfrýjandi og vitnið Guðjón Símonarson gefið af nýju skýrslu fyrir dómi. Hefur áfrýjandi eindregið neitað því, að hún hafi veitt viðtöku peningum fyrir vélar þær, sem hún krefst innsetningar í, hvorki úr hendi Gestfríðar heitinnar Ólafsdóttur né Guðjóns Símonarsonar. Með gögnum málsins er ekki nægilega sannað, að áfrýjandi hafi selt Gestfríði heitinni vélarnar, og ber því að taka kröfu hennar um innsetningu í þær til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerð þá, sem krafizt er.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 17. febr. 1949.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 8. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Hrefna Loftsdóttir, Melahúsi við Sandvíkurveg, hér í bænum, krafizt þess, að henni verði með beinni fógétagerð fengnar í hendur strauvél og þurrk-unarvél, sem eru í vörzlu Bjarna Guðmundssonar, Framnesvegi 13, hér í bænum.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar. Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá málavöxtum, að hún hafi í marz eða apríl 1947 komið hinum umdeildu vélum í geymslu hjá Guðjóni Símonarsyni kaupmanni, Framnesvegi 5, hér í bænum. Naut hún til þessa aðstoðar

Gestfriðar heitinnar Ólafsdóttur, sem virðist eftir frásögn gerðarbeiðanda hafa haft milligöngu um útvegum geymsluplássins, hins vegar kveðst gerðarbeiðandi sjálf hafa séð um flutning vélanna þangað. Vélar þessar kveður hún nefndan Guðjón hafa afhent ekkli Gestfriðar sál., Bjarna Guðmunds-syni, án nokkurrar heimildar.

Gerðarþoli telur hins vegar, að eiginkona sín, nefnd Gestfriður, hafi á árinu 1947 keypt umræddar vélar af gerðarbeiðanda fyrir hér um bil kr. 1000.00. Muni hún hafa greitt kaupverð þeirra að fullu með kr. 500.00, sem hann kveður hana hafa fengið hjá sér í þessu skyni, og kr. 200.00, er hún hafi fengið að láni hjá áðurnefndum Guðjóni Símonarsyni, svo og með ógreiddu kaupi, er hún átti inni hjá gerðarbeiðanda. Enn fremur heldur hann því fram, að gerðarbeiðandi hafi ekki komið vélunum í geymslu hjá Guðjóni, heldur hafi kona sín gert það.

Vætti vitna þeirra, sem fram hafa komið í málinu, þykja ekki leiða örugglega í ljós, hver atvik lágu til þess, að hinum umdeildu vélum var komið í geymslu til margnefnds Guðjóns eða í þágu hvorrar, gerðarbeiðandi eða Gestfriðar, hann tók hana að sér, enda virðast þær báðar hafa unnið að þessu samkvæmt frásögn hinnar fyrrnefndu. Hins vegar er það upplýst í málinu, að Gestfriður heitin, sem vann hjá gerðarbeiðandi og átti að einhverju leyti úppgerð vinnulaun hjá henni, hafði að minnsta kosti hug á að kaupa umræddar vélar. Reyndir málsins, m. a. eiðfestur framburður vitnisins Guðjóns Símonarsonar, þykja mjög styðja þá staðhæfingu gerðarþola, að af sölu hafi orðið, enda þótt ekki verði talið, að lögfull sönnun hafi fengist fyrir því.

Samkvæmt framansögðu þykir verða að neita um framgang hinnar umbeðnu gerðar, en eftir atvikum telst rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.